

Mánudaginn 12. október 1953.

**Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason
og Matthías Guðmundsson**

(Guttormur Erlendsson)

gegn

**Hannesi Kr. Davíðssyni og Jóni Yngva
Eyjólfssyni** (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Landamerkjamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1951. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, að því er snertir ákvörðun landamerkja og vegar frá grjóttgarði við Hvanngarðsvöll að grjóthleðslu við Þórukot (hjá Fjósafllöt) og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar á ný að þessu leyti. Þá krefjast þeir og málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjenda.

Héraðsdómur hefur ákveðið landamerki umræddra jarða eðlilega samkvæmt gögnum málsins og staðháttum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því leyti, sem honum hefur verið áfrýjað, með þeirri skýringu, að landamerkin séu eftir miðjum vegi, tveggja metra breiðum, og liggi suðurbrún hans í beinni línu frá norðvesturhorni grjóttgarðs við Hvanngarðsvöll og að grjóthleðslu við Þórukot hjá Fjósafllöt.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt að greiða stefndu in solidum kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason og Matthías Guðmundsson, greiði in solidum stefndu, Hann-

esi Kr. Davíðsýni og Jóni Yngva Eyjólfssýni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. ágúst 1951.

Ár 1951, mánudaginn 20. ágúst, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssýni, sem formanni dómsins, og meðdómsmönnum Birni Konráðssýni oddvita, Vífilsstöðum, og Jóhanni Jónasýni, ráðsmanni á Bessastöðum, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 17. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir landamerkjadóminum með stefnu útgefni 2. nóv. 1950 af Hannesi Kr. Davíðssýni arkitekt, ábúanda og eiganda jarðarinnar Þórukots í Bessastaðahreppi, og Jóni Yngva Eyjólfssýni bónda, ábúanda jarðanna Austur- og Norður-Sviðholts í sama hreppi gegn eigendum og fyrirsvarsmönnum jarðarinnar Vestur-Sviðholts í sama hreppi, þeim Ólafi Bjarnasýni, bónda að Gestshúsum í sama hreppi, Sigurgeiri Guðnasýni verkamanni, Skólavörðustíg 35 og Matthíasi Guðmundssýni stýrimanni, Bergþórugötu 16, báðum í Reykjavík, og eru stefnukröfur Hannesar Kr. Davíðssonar, að viðurkennt verði með dómi hin upphaflegu landamerki á milli Þórukots og Vestur-Sviðholts og túns, kálgarða, sjávarbakka og fjöru og ennfremur, að upp verði sett skýr merki, er verði viðhaldið af eigendum beggja jarða. Jafnframt krefst Hannes þess, að dómurinn viðurkenni eignar- og umráðarétt hans að götu þeirri eða vegi, sem skiptir löndum milli jarðanna og dómurinn staðsetji veginn í samræmi við þá hefð, sem myndast hefur um akstur bifreiða og annarra slíkra farartækja eftir honum, en Hannes heldur fram, að merkin hafi verið bein lína úr miðju hliðinu í Sviðholti í staur, sem stóð í suðaustur-horni Fjósafatarinnar ca. 2 metra fyrir norðan hlöðuna í Þórukoti og síðan úr tilsvarandi stað í neðri hlið Fjósafatarinnar bein lína í hlið hjá efra horni Hjallalandsgarðsins og þaðan bein lína í suðurkampinn að vör Vestur-Sviðholts. En stefnukröfur Jóns Yngva Eyjólfssonar eru þær, að honum verði með dómi heimilud tálmunarlaus umferð um ofangreindan veg með hestvagna, bifreiðar og landbúnaðartæki og af honum á landi Vestur-Sviðholts að slægjulandi (túni), sem hann á og nýttjar við sjóinn fyrir neðan land Vestur-Sviðholts, og jafnframt, að honum verði áfram leyft að ganga sjávargötuna beint til sjávar framhjá Þórukoti og norður sjávarbakkana að vör sinni og byrgjum.

Þá krefjast báðir aðalstefnendur greiðslu málskostnaðar úr hendi aðalstefndu að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hafði umboðsmaður aðalstefnanda, Hannesar Kr. Davíðssonar, uppi sömu kröfur og hér hafa verið raktar með tilvísun til skýringarteikningar á rskj. 15, þar sem landamerkjakröfur eiganda Þórukots eru teiknaðar inn.

Aðalstefndu í þessu máli, þeir Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason

og Matthías Guðmundsson, hafa með stefnu útgefinni 22. júní 1951 gagnstefnt í málinu og gera þessar dómkröfur:

Aðallega, að landamerki milli Þórukots að norðan og Vestur-Sviðholts að sunnan frá Hvanngarðsvelli að bænum Þórukoti verði ákveðin samkvæmt rauðri línu á dóm skj. 7. Vestur frá Þórukoti niður á móts við kálgarðshornið efra norður við götuslóðann ráði núverandi girðing sunnan við grjótgarðsleifar og götuslóðann. Frá hornstaur girðingarinnar á móts við nefnt kálgarðshorn ráði bein lína í miðjan syðri kamp Sviðholtsvarar, sem er sunnan við skerið í Sviðholtsvör.

1. varakrafa. Að landamerkin frá Hvanngarðsvelli að bænum í Þórukoti verði ákveðin í 1 meter fjarlægð norðan við og samhliða áðurgreindri rauðri línu á dóm skjali 7.

2. varakrafa. Að núverandi girðing milli jarðanna á því svæði, er greinir í 1. varakröfu, verði ákveðin sem merki á milli þeirra, sbr. dóm skjali 6.

Ennfremur gera þeir þær dómkröfur, að aðalstefnendur fái einungis viðurkenndan umferðarrétt á 2 feta breiðri götu, norðan við þá markalínu, sem dómurinn kann að ákveða. Jafnframt gera gagnstefnendur þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að þeir eigi umferðarrétt á 2 feta breiðri götu framhá Þórukoti og Fjósaflöt í land sitt á Hjallalandsvegi.

Að lokum krefjast þeir greiðslu málskostnaðar úr hendi gagnstefndu eftir mati dómsins.

Sáttaumleitaniir í aðalsök og gagnsök reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Annar stefandi þessa máls, Hannes Kr. Davíðsson, eignaðist jörðina Þórukot á Álftanesi með afsali 1. júní 1949 af Guðna Jónssyni, sem hana hafði átt frá 8. maí 1943. Telja þeir, að enginn ágreiningur hafi verið við eigendur eða ábúendur Vestur-Sviðholts um merki milli jarðanna eða umferðarétt vegna Þórukots eftir götu þeirri, sem þangað lá af sýsluveginum (Sviðsholtsvegi), þar til sumarið 1948, að Ólafur Bjarnason, Gesthúsum, meðstefndi í máli þessu, lokaði götunni fyrir heimilisfólki í Þórukoti og hélt því áfram, eftir að Hannes eignaðist jörðina. Ennfremur hefði Ólafur Bjarnason plægt niður götuna og numið burtu merkin og tekið að heyja fast að girðingu, sem eigendur Þórukots telja, að standi nokkuð inni í túni þeirrar jarðar, enda hafi blettur milli götu og girðingar ávallt verið nytjaður frá Þórukoti.

Um landamerki milli Þórukots og Sviðholts III (nú Vestur-Sviðholts) á því svæði, sem um er deilt í þessu máli, er fyrir hendi landamerkjaskrá, sem gerð var og samþykkt af réttum hlutaðeigendum 17. júní 1922, og enginn ágreiningur er um í málinu. Þar segir svo, eftir að talað hefur verið um landamerki að sýsluveginum, sem nú er:

Þaðan ræður gatan niður að svokallaðri Fjósaflöt og þar í merktan staur og þaðan bein lína í garðlag til norðurs á milli Bjarnastaðatúnanna og Sviðholts og eftir því austur í traðir, er liggja frá Sviðholti niður með skóla. Síðan ræður vegurinn takmörkum, austan að túninu, suður að götunni, sem liggur niður að Þórukoti. Af svonefndum Hjallalandsvelli fylgir jörðinni spilda, mörk þannig:

Bein lína úr syðri kampinum á Sviðholtsvör upp á móts við kálgarðshornið efra norðan við götu, sem liggur frá Þórukoti niður að sjó, þaðan ræður gatan mörkum, upp að götu, sem liggur frá Þórukoti norður að Bjarnastöðum í merktan stein við götuna við spildu, sem fylgir hinum Svoðholtsjörðunum.

Í kafla þeim, sem hér er tilfærður úr landamerkjaskránni, er talað um merkta landamerkjasteina og staur, en hvorttveggja er nú horfið og ekki vitað, hvar það var. Ekki verður heldur séð nú, hvernig gatan af sýsluveginum, sem nú er, hefur legið niður að svokallaðri Fjósaflöt. Þó virðast vera gamlir grjótagarðar hjá Sviðholti (norðan Hvanngarðsvallar) og hjá Þórukoti (gömul vegghleðsla), þar sem sjá má, hvar gatan hefur farið fram með á þeim kafla á þeim tíma, sem fyrrgreind landamerkjaskrá er gerð. Í málinu hafa verið lögð fram tvö gömul kort, er sýna nokkuð afstöðu húsa og gatna á umræddu svæði. Annað er kort herforingjaráðsins danska, talið frá 1902 og hitt er kort, sem Vigfús Guðmundsson gerði 1917. Er gatan frá sýsluveginum niður að Þórukoti greinilega sýnd á báðum kortum og, eftir því sem bezt verður séð, á mjög svipuðum stað.

Að vísu er hvortg þessara korta svo nákvæmt sem æskilegt væri á svæði því, sem liggur fyrir til úrlausnar, og má einkum segja það um herforingjaráðskortið, sem er gert er með of litlum mælikvarða í þessu tilliti.

Í málinu hafa verið leidd nokkur vitni, sem kunnug eru á þessum slóðum, og flest hafa um lengri eða skemmri tíma átt heima í Þórukoti eða Sviðholti. Er framburður þeirra samhljóða um það, að gatan, sem lá frá sýsluveginum niður að Þórukoti, sé rétt teiknuð inn á korti Vigfúsar Guðmundssonar, rskj. 5. Þó segja sum vitnin, að þessi gata muni hafa beygt meira til suðurs en kortið sýni. Ekkert ákveðið er þó upplýst um það, hvernig sú beygja kynni að hafa verið. Hins vegar er líklegt, sem vitni hafa borið, að götuslóðinn hafi verið hlykkjöttur, þar sem hann beygði milli þúfna.

Þessi gata hefur verið umferðarleiðin af aðalveginum niður að Þórukoti, fyrst og fremst fyrir gangandi fólk og hesta, og síðar fyrir ökutæki, sem ekið hafa með hjólin sitt hvoru megin við götuna og síðustu árin einnig fyrir bifreiðar, sem þannig hafa ekið eftir grasinu, þegar þurrt var.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt um kort Vigfúsar Guðmundssonar á rskj. 5, og með hliðsjón af öðrum gögnum í málinu, telur dómurinn rétt að staðsetja götuna frá sýsluvegi (Sviðholtsvegi) niður að Þórukoti, eins og hún er teiknuð inn á nefndu korti, þó svo, að hún verði tekin bein frá kálgarðshorni við Hvanngarðsvöll í grjóthleðsluna hjá Þórukoti.

Þá ber að taka til greina kröfu stefnandanna um umferðarétt eftir götu þessari, og þykir breidd hennar hæfilega ákveðin tveir metrar samkvæmt þeirri umferð, sem þar hefur tíðkast, með því að ekki verður fallizt á, að sú bifreiðaumferð, sem þar hefur átt sér stað á síðustu árum hafi skapað umferðarétt fyrir þau farartæki.

Samkvæmt áðurgreindri landamerkjaskrá jarðarinnar Sviðholt III frá

1922 verða landamerki á þessum kafla eftir miðri götunni, eins og hún hefur verið ákveðin hér.

Frá norðvesturhorni Fjósafatarinnar og í hliðið hjá efra horni Hjallalandsgarðsins er gamall götuslóði, sem skiptir löndum. Síðan segir í landamerkjaskrá þeirri, sem gerð var 1922, að ráða skuli bein lína úr syðri kampinum á Sviðholtsvör upp á móts við kálgarðshornið efra norðan við götu, sem liggur frá Þórukoti niður að sjó. Ekki er ljóst, hvað átt er við með syðri kamp Sviðholtsvarar, en dómurinn telur, að það sé sá kampur, sem er sunnan við vörina yzt, áður en hún skiptist, og kemur sú lína yfir mitt skerið, sem skiptir innsiglingunni í varirnar, og verður þá umrædd landamerkjalinna úr miðju efra hliðinu niður eftir, þar sem kálgarðsgirðingin er nú.

Með framansögðu hefur dómurinn ákveðið landamörk á því svæði, sem stefnukröfurnar ná til. Skal þá vikið að umferðarétti um sjávargöturnar niður í vör.

Af hálfu eiganda Þórukots er því lýst yfir, að hann viðurkenni sem kvöð á landi sínu umferðarrétt eigenda Sviðholtsjarðanna yfir suðurenda Fjósafatarinnar á jafnbreiðum kafla og vegurinn sé austan hennar.

Eins og áður er að vikið, er sjávargatan frá Fjósafliöt og niður að girðingunni að Hjallalandsgarði enn greinileg, og hafa ábúendur Sviðholtsjarða og Þórukots umferðarrétt eftir þeirri götu, eins og áður hefur verið. Eftir að þeirri götu sleppir, skal heimila umferðarétt fyrir sömu aðilja eftir landamerkjalinunni að norðan niður að sjó. Þykir sjávargata þessi hæfilega ákveðin tveggja feta breiður gangstígur.

Þá hefur stefnandinn Jón Yngvi Eyjólfsson sérstaklega krafizt, að honum verði heimilað talmunarlaus umferð á landi Vestur-Sviðholts að slægju-landi (túni), sem hann nytjar við sjóinn fyrir neðan land Vestur-Sviðholts, og ber að taka þá kröfu til greina, þannig, að hann megi fara þar með hestvagna og landbúnaðartæki skemmstu leið af Þórukotsvegi í efra horn landspildu hans, þar sem nú er hliðið. Hins vegar verða eigi teknar til greina kröfur hans um eignarrétt að hluta á götum þessum.

Kröfur aðalstefnandans Hannesar Kr. Davíðssonar um að sett verði glögg frambúðarmerki og þau verði í samræmi við niðurstöðu dómsins, teiknuð inn á uppdráttinn á rskj. 6, heyrir ekki undir úrlausn þessa dóms.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið að framan, verða kröfur aðalstefnendu í gagnstefnu ekki teknar til greina fyrir þessum dómi. Eftir þessum úrslitum málsins ber aðalstefndu að greiða kostnað málsins, sem sundurliðast þannig:

1. Málskostnaður aðalstefnenda og málf lutningslaun kr. 500.00
2. Ferðakostnaður dómenda og dagpeningar kr. 700.00

Málskostnaður alls kr. 1200.00

Því dæmist rétt vera:

Frá sýsluveginum (Sviðholtsvegi) niður að Þórukoti skal vera umferðavegur tveggja metra breiður, tekinn beint frá grjótgardi

við Hvanngarðsvöll og að grjóthleðslu við Þórukot (hjá Fjósafllöt), eins og vegur þessi er sýndur á korti Vigfúsar Guðmundssonar frá 1917, rskj. 5.

Landamerki milli Þórukots og Vestur-Sviðholts á þessum kafla eru eftir miðjum veginum. Þá skal vera sjávargata, tveggja feta breið, eins og götuslóði liggur nú frá suðvesturhorni Fjósafllatar í mitt hliðið við Hjallalandsgarð og verða landamerki á þeim kafla eftir miðri götunni. Þaðan skal sjávargata liggja áfram með sömu breidd eftir beinni línu, sem þar skiptir löndum, og er hugsuð dregin úr miðju hliði hjá Hjallalandsgarði í syðri kamp Sviðholtsvegur yzt, fram við skerið, áður en vörin skiptist, og er ábúendum Sviðholtsjarða og Þórukots heimil umferð eftir götu þessari.

Þá skal ábúendum Austur- og Norður-Sviðholts heimil umferð með vagna og landbúnaðartæki af Þórukotsvegi eftir götunni, sem liggur að Bjarnastöðum, í suð-austurhorn á slægnalandi nefndra jarða.

Aðalstefndu, Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason og Matthías Guðmundsson, skulu greiða in solidum málskostnað með 1200 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. október 1953.

Nr. 146/1950. **Lárus Halldórsson** (Gunnar J. Möller)

gegn

Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Kristjónu Elísabetar Kristjánsdóttur (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Eignarréttur að húseign.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hjaltason fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1950 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að dæmt verði, að húseignin Gunnarshólmi í